

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 21, þann 22. apríl 2016 kl. 13:00.

Mætt var frá Starfsgreinasambands Íslands, Árni Steinar Stefánsson, Björn Snæbjörnsson og Hjördís Sigurþórsdóttir sem var í símasambandi. Frá SNS, Margrét Sigurðardóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

**1. Stéttarfélagið Samstaða. Aðalhreingerning.**

Óskað var eftir túlkun samstarfsnefndar á greiðslum fyrir aðalhreingerningu sem skólaliðar annast.

Sveitarfélagið Húnaþing vestra greiðir skólaliðum við Grunnskóla Húnaþings vestra, sem raðast í lfl. 124, skólaliði (með ræstingu). Fyrir aðalhreingerningu á vorin fá skólaliðar greitt samkvæmt launaflokki 117. Stéttarfélagið Samstaða túlkar kjarasamning aðila þannig að skólaliðar eigi að fá greitt 55% á lfl. 124 þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála því að greiða skólaliðum yfirvinnukaup samkvæmt gildandi lfl. sem nú er 124, þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

**2. AFL Starfsgreinafélag. Gildistími sérákvæðis.**

Óskað var eftir úrskurði samstarfsnefndar í ágreiningi um gildistíma sérákvæða AFLS Starfsgreinafélags sem undirrituð voru þann 20. nóvember 2015. Deilt er um hvort að ákvæðin gildi frá 1. maí 2015 eða 1. nóvember 2015.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að sérákvæðin eru fylgiskjal með kjarasamningi. Þar sem ekki er sérstaklega samið um annan gildistíma þeirra hafa þau sama **gildistíma** og kjarasamningurinn þ.e. frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

### **3. Heildarkjarasamningur.**

Samstarfsnefnd er sammála því að fara í gerð heildarkjarasamnings um leið og tími gefst til.

Fleira ekki gert.